



LIBRA  
LÖGMENN

Akraneskaupstaður  
b.t. Ólafs Adolffssonar, formanns bæjarráðs  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

Akraneskaupstaður 

| Skjal nr. | Mótt af.   | Mótt dags.     |
|-----------|------------|----------------|
| 0.8       | 680        | - 2. MRZ. 2017 |
| Abm.      | Úrv. aðili | Málsnr. One    |
| St. A     | St. A      | 1703025        |

Reykjavík, 14. febrúar 2017

**Málefni: Ósk um svör við spurningum og afhendingu gagna með vísan til 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012**

Til lögmansstofunnar hefur leitað Ingólfur Árnason, kt. 180158-5029, íbúi á Akranesi og falið undirrituðum lögmanni að óska eftir upplýsingum og afla tiltekinna gagna frá Akraneskaupstað á grundvelli 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna sölu Faxaflóahafna sf. á eignum til Reykjavíkurborgar. Fyrir liggur að Akraneskaupstaður á 10,7793% eignarhlut í Faxaflóahöfnum sf. og hefur því fjárhagslega hagsmuni af sölnni.

Samkvæmt fréttum sem birtust þann 17. júlí 2015 seldu Faxaflóahafnir sf. þrjár lóðir til Reykjavíkurborgar, sem er langstærsti eigandi Faxaflóahafa sf., fyrir kr. 346.292.146. Nánar tiltekið var um að ræða lóð Áburðaverksmiðjunnar í Gufunesi, land á Geldinganesi og Eiðsvík sem er vík milli Viðeyjar, Gufuness og Geldingans.

Í tilefni af framangreindri eignasölu óskar umbj. minn eftir tilteknum upplýsingum frá Akraneskaupstað. Erindi þessu er beint til Ólafs Adolffssonar bæjarfulltrúa þar sem hann á sæti í stjórn Faxaflóahafna sf. fyrir hönd Akraneskaupstaðar.


Umbj. minn óskar n.t.t. eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig var söluverð framangreindra eigna ákvarðað?
2. Ef söluverðið var ákvarðað eftir verðmati löggilts fasteignasala þá er óskað eftir afriti af því verðmati?
3. Hvert var bókfært virði ofangreindra eigna hjá Faxaflóahöfnum sf. við sölna?
4. Voru eignirnar boðnar til sölu í opnu söluferli og ef svarið er nei þá er óskað eftir upplýsingum um af hverju það var ekki gert.

5. Hverjir innan stjórnar Faxaflóahafna sf. tóku ákvörðun um sölu á framangreindum eignum til Reykjavíkurborgar?
6. Ef fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórn Faxaflóahafna ehf. greiddi atkvæði með sölu eignanna þá er óskað eftir upplýsingum um það hvort málið hafi áður verið rætt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.
7. Viku fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf. af fundi þegar tekin var ákvörðun um sölu á framangreindum eignum til borgarinnar?

Óskað er eftir því erindi þessu verði svarað við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 28. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Arni Ármann Arnason hrl.